



Dalvíkurbyggð  
María Markúsdóttir  
Ráðhúsi  
620 DALVÍK  
Iceland

Garðabær, 5.3.2025  
Málsnúmer: 202502-0059  
LA/RTh

**Efni: Fyrirhuguð Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal. Lýsing á aðalskipulagsbreytingu**

Vísað er í tölvubréf frá Dalvíkurbyggð í gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytinga vegna fyrirhugaðra framkvæmda á 5 MW vatnsaflsvirkjun, Árskógsvirkjun, sem Arctic Hydro hyggst reisa í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn vegna Árskógsvirkjunar í tengslum við [matsáætlun](#) og [rannsóknarleyfis](#) og er vísað í þær umsagnir.

Stofnunin hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Þorvaldsdalur er innan svæðis á náttúruminjaskrá sem nefnist Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423/501), og er á skrá (C-hluta) aðallega vegna landslags og landforma. Þá er Þorvaldsdalur hverfisverndarsvæði vegna landforma við Kotahóla, Brattavallahóla, Hrafnagilshrauns og Kúgilsvatns. Þorvaldsdalur er lítt raskaður og vel gróinn. Dalurinn er fallega mótaður af ísaldarjökklum og þar má sjá fjölbreytt landform s.s. berghlaup, framhlaupsurðir, aurkeilur, jökulgarða, jökulurðir o.fl.. Náttúrufræðistofnun bendir á að öll uppbygging og rask sem hlýst af fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum mun breyta verulega ásýnd dalsins og hafa áhrif á verndargildi hans.

Í votlendi í landi Kleifs í Þorvaldsdal er skráð í gagnasöfn Náttúrufræðistofnunar plöntutegundin heiðastör (*Carex heleonastes*) sem er friðuð samkvæmt [auglýsingu](#) um friðun æðplantna, mosa og fléttna (nr. 1385/2021). Gera þarf frekari úttekt á útbreiðslu þessarar tegundar í Þorvaldsdal.

Fyrirhuguð virkjunarframkvæmd mun fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem betur verður gerð grein fyrir náttúruminum svæðisins og verndargildi þeirra.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur